

Nóvember 2020



Úrræði vegna faraldurs Nýting heimila og fyrirtækja

Stjórnarráð Íslands

Fjármála og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Samantekt	3
1. Inngangur	5
2. Markmið aðgerða	6
3. Nýting úrræða	11
3.1 Hlutabætur	12
3.2 Greiðsla launa á uppsagnarfresti.....	15
3.3 Barnabótaauki	16
3.4 Úttekt séreignarsparnaðar	16
3.5 Ferðagjöf.....	17
3.6 Greiðsla launa í sóttkví	17
3.7 Skattfrestanir og önnur skattaúrræði.....	18
3.8 Endurgreiðsla VSK.....	20
3.9 Lokunarstyrkir	21
3.10 Stuðningslán	22
3.11 Viðbótarlán	23
3.12 Greiðsluskjól	23

Samantekt

- Stjórnvöld hafa kynnt til sögunnar fjölda efnahagsúrræða vegna heimsfaraldursins sem nýtast heimilum og fyrirtækjum með beinum hætti.
- Í skýrslunni er fjallað um stöðu aðgerða í október. Í flestum tilfellum er tekið fram hvenær viðmiðunardagur upplýsinganna er, en nýjustu gögnin eru frá vikunni 19. -25. október sl..
- Heimili og fyrirtæki hafa til þessa fengið 38,2 ma.kr. í beinan stuðning, 19,5 ma.kr. í frestun skattgreiðslna, 20 ma.kr. í frestun aðflutningsgjalda auk þess sem 6,6 ma. hafa verið lánaðir með ríkisábyrgð. Heimilin munu auk þess hafa fengið fyrirframgreidda um 21 ma.kr. úr séreignarsparnaði fyrir árslok.
- Úrræðin hafa verið nýtt af um 3.000 fyrirtækjum. Um 65% fjárhæðarinnar fór til fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan hefur verið fyrirferðamest í öllum stærstu úrræðunum að lokunarstyrkjum frátöldum, en þar hefur mest verið greitt til fyrirtækja í ýmissi persónulegri þjónustu og heilbrigðisþjónustu. Þessu til viðbótar var veitt ríkisábyrgð á lánalínur til handa Ícelandair auk þess sem sérstök ríkisábyrgð var veitt vegna vanda ferðaskrifstofa.
- Sé litið til greiðslu hlutabóta, barnabótaauka, nýtingu ferðagjafar og útgreiðslu séreignarsparnaðar hafa heimilin fengið greidda samtals 43,8 ma.kr. Hlutabætur eru umfangsmesta aðgerðin til handa einstaklingum en um 36 þúsund einstaklingar hafa fengið hlutabætur sem nema 19,8 ma.kr. Greiddir hafa verið 35 ma.kr. í almennar atvinnuleysisbætur.
- Úrræðunum er annars vegar ætlað að styðja við eftirspurn til skemmri tíma og hins vegar að minnka óafturkræfan skaða á getu hagkerfisins til að ná vopnum sínum að nýju þegar tímabundnum áhrifum faraldursins sleppir.
- Þessar aðgerðir eiga þátt í því að ríkissjóður verður rekinn með 260-270 ma.kr. halla árin 2020 og 2021 í stað þess að vera nærri í jafnvægi líkt og stefnt var að fyrir faraldurinn.
- Hallinn er þó að stærstum hluta til kominn vegna sjálfvirks viðbragðs skattkerfis og atvinnuleysisbóta við minni efnahagsumsvifum. Að auki hafa útgjöld verið aukin beint vegna faraldursins, ekki síst á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála. Þessu til viðbótar hefur verið ákveðið að ráðast í viðamikil fjárfestingaráttak. Nýting þessara útgjalda skýrist á næstu vikum og mánuðum.
- Sértekjum aðgerðum og almennri stefnumótun um að ríkissjóður muni styðja við hagkerfið þar til batinn er vís er ekki síst ætlað að draga úr efnahagslegri óvissu sem hefur aukist vegna heimsfaraldursins og hefur áhrif á ákvarðanatöku heimila og fyrirtækja.

- Eftir því sem faraldurinn hefur dregist á langinn og sóttvarnaraðgerðir verið hertar hafa úrræði tekið breytingum, sum verið framlengd og ný kynnt til sögunnar, nú síðast tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrki auk framlengingar lokunarstyrkja og vinnumarkaðsúrræða.

1. Inngangur

Útlit er fyrir að halli á ríkissjóði verði 269 ma.kr. árið 2020 og 264 ma.kr. árið 2021, en fyrir faraldurinn var gert ráð fyrir að ríkissjóður yrði rekinn því sem næst í jafnvægi þessi ár. Hallinn er að stærstum hluta tilkominn vegna sjálfvirks viðbragðs skattkerfis og atvinnuleysisbóta vegna minni efnahagssumsvifa.

Að auki eru ýmis útgjaldamál, ekki síst á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála, sem leiða af viðbrögðum við faraldrinum. Fjárfestingarátakið má skoða í sama ljósi en því er ætlað að leggja grunn að efnahagsbatanum og enn samkeppnishæfara hagkerfi. Nýting þessara útgjaldamála skýrist á næstu vikum og verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum þeirra síðar. Seðlabankinn hefur einnig gripið til viðtækra aðgerða sem draga úr efnahagssamdrættinum.

Þá hefur ríkisstjórnin kynnt úrræði sem ætlað er styðja beint við efnahagslega vörn, vernd og viðspyrnu heimila og fyrirtækja. Þessi úrræði geta í fyrsta lagi falið í sér bein útgjöld fyrir ríkissjóð, líkt og í tilfelli hlutabóta eða greiðslu launa á uppsagnarfresti, í öðru lagi heimildir til frestunar skattgreiðslna milli ára og í þriðja lagi ábyrgðir sem geta raungerst síðar sem kostnaður fyrir ríkissjóð. Þessu til viðbótar geta heimilin óskað eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Nýting þessara beinu efnahagslegu úrræða fyrir heimili og fyrirtæki er efni þessarar skýrslu. Enda þótt úrræðin séu almenn í eðli sínu dreifast efnahagsleg áhrif faraldursins með mjög ólíkum hætti. Nýting úrræðanna markast af því.


Skýrslunni er því ætla að nýtast við mat á mögulegum frekari aðgerðum ríkissjóðs til handa heimilum og fyrirtækjum sem verða fyrir mestum áhrifum faraldursins á meðan áhrifa hans gætir af miklum þunga.

Tafla 1 Fjárhagslegt umfang úrræða

Aðgerðir, ma.kr.	Beinn kostnaður til þessa	Tilfærslur/ábyrgðir	Upphaflegt mat á hámarks heildaráhrifum
Atvinnuleysisbætur í minnkuðu starfshlutfalli ...	19,8	-	34,0
Greiðsla launa á uppsagnarfresti	10,5	-	27,0
Laun í sóttkví	0,3	-	2,0
Ferðagjafir	0,6	-	1,5
Barnabótaauki	3,0	-	3,1
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	2,5	-	9,0
Frestun staðgreiðslu	-	19,5	75,0
Lokunarstyrkir	1,0	-	2,5
Stuðningslán	-	6,3	28,0
Viðbótarlán (Brúarlán)	-	0,7	35,0
Niðurfelling gistináttgjalds	0,3	-	1,6
Frestun á greiðslu aðflutningsgjalda	-	20,0	13,0
Niðurfelling tollafgreiðslugjalda	0,2	-	0,6
Samtals	38,2	46,5	232,3
Útgreiðsla séreignarsparnaðar	-	18,8	9,5

2. Markmið aðgerða


Efnahagsaðgerðum vegna faraldursins var í upphafi ætlað að draga úr neikvæðri víxlverkun minnkandi eftirspurnar og atvinnuleysis með frestun skattgreiðslna, hlutabótum, aðgengi að séreignarsparnaði, barnabótaauka og lokunarstyrkjum. Heimilum og fyrirtækjum stóð einnig til boða almennt greiðsluhlé hjá fjármálafyrirtækjum til loka september.




Áherslur hafa breyst eftir því sem faraldurinn hefur dregist á langinn

Eftir því sem faraldurinn hefur dregist á langinn hefur efnahagsaðgerðum stjórnvalda í auknum mæli verið ætlað að leggja grunn að efnahagsbatanum. Horft er til þess að tryggja eins og nokkur kostur er að fyrir hendi verði sú geta sem nauðsynleg er til að stuðla að kröftugri viðspyrnu þegar áhrifa faraldursins sleppir. Sem dæmi um aðgerðir sem sérstaklega lúta að þessu eru greiðsla launa á uppsagnarfresti og greiðsluskjól. Ríkisábyrgð á lánalínu til Ícelandair og ábyrgðir fyrir ferðaskrifstofur má skoða í sama ljósi auk þess sem ríkisábyrgðir á lánum til fyrirtækja geta stuðlað að því að aðgerðir Seðlabankans skili sér betur út í hagkerfið en ella. Ríkisstjórnin hefur einnig lýst því yfir að horft verði til þess að veita beina styrki til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir tekjuhruni vegna COVID-19 faraldursins umfram það sem veitt hefur verið í lokunarstyrki.¹

¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/09/29/Atta-nyjar-stodugleikaadgerdir/>




Fyrir utan bein fjárhagsleg áhrif getur skýr stefnumótun stjórnvalda dregið úr óvissu sem stuðlar að aukinni neyslu og fjárfestingu heimila og fyrirtækja. Hugsanlega má sjá afleiðingu minni óvissu um viðbrögð stjórnvalda nú á haustdögum þar sem innlend eftirspurn hefur ekki dregist saman í sama mæli og þegar faraldurinn fór sem hæst sl. vor. Auk þess er í auknum mæli farið að líta á árangur í sóttvörnum sem mikilvægan stuðning við efnahagslífið, þó að sjálfsögðu sé hægt að ganga bæði of langt og of skammt þegar kemur að sóttvarnarráðstöfunum.



Gjaldprotabeidnir vegna sjö fyrirtækja sem hafa notið aðstoðar

Gjaldprotabeidnir fyrstu átta mánuði ársins 2020 voru fleiri en árið 2019 ef miðað er við fyrirtæki sem voru virk árið á undan. Þær voru flestar í mars, apríl og júní en fækkaði þegar leið á sumarið samhliða því að hagkerfið tók við sér og aðgerðir stjórnvalda komu til framkvæmda. Hafa verður í huga að gjaldprot á þessu ári eru líklega vegna rekstrarerfiðleika árið 2019. Aðeins sjö gjaldprotabeidnanna voru vegna fyrirtækja sem hafa nýtt sér úrræði stjórnvalda en búast má við því að gjaldprotabeidnum sem leiða af áhrifum faraldursins fjölgi á næsta ári. Flestar gjaldprotabeidnirnar fyrstu níu mánuði ársins voru vegna fyrirtækja í byggingariðnaði eða 30% og 23% í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Starfsmenn þessara fyrirtækja voru 2.500, þ.a. störfuðu 35% í byggingariðnaði og 32% í einkennandi greinum ferðaþjónustu.


Meðalfjöldi gjaldbrota virkra fyrirtækja hefur hækkað hægt þetta ár



Ánægja með aðgerðir stjórnvalda

Almenn ánægja hefur mælst með aðgerðir stjórnvalda eins og fram hefur komið í skoðanakönnun Gallup sem framkvæmd var í september. Meirihluti stjórnenda fyrirtækja er ánægður með sóttvarnaaðgerða innanlands en tæplega tveir þriðju vildu halda takmörkunum óbreyttum á landamærum og ríflega helmingur óbreyttum innanlands. Rúmur þriðjungur taldi að slaka ætti nokkuð á takmörkunum innanlands en færri voru á sama máli hvað varðar takmarkanir á landamærum. Óánægja með efnahagsaðgerðir stjórnvalda hefur aukist lítilega frá því í maí en ennþá er meirihluti fyrirtækja ánægður með þær. Ánægja er litlu meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Óánægja er mest hjá fyrirtækjum í fiskveiðum og ferðaþjónustu.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19?




Mest ánægja með hlutabætur

Af öllum efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 ríkir mest ánægja meðal fyrirtækja með hlutabótaleiðina, greiðslu launa á uppsagnarfresti og tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Fyrirtæki sem töldu hlutabótaleiðina nýtast sér best voru smærri fyrirtæki með minna en 100 millj. kr. ársveltu án vsk. og fyrirtæki starfandi í ferðapjónustu. Mikill meirihluti fyrirtækja sem telja sig standa illa fjárhagslega til að takast á við tímabundin áföll á næstu mánuðum, hafa hingað til verið ánægðust með hlutabótaleiðina af öllum efnahagsaðgerðum stjórnvalda. Ein ástæða þess að fyrirtækin telja sig standa illa frami fyrir óvissu næstu mánaða getur verið vegna þess að hlutabótaúrræðið gildir aðeins til áramóta.

Fjárhagsstaða fyrirtækja erfið

Fjöldi fyrirtækja sem telja sig standa illa fjárhagslega til að takast á við tímabundin áföll á næstu mánuðum í kjölfar COVID-19 hefur ekki breyst frá því í maí, en um 23% telja sig standa frekar eða mjög illa. Flest þeirra voru fyrirtæki á landsbyggðinni, fyrirtæki í ferðapjónustu (sérstaklega í rekstri gististaða og veitingarþjónustu) og fyrirtæki með minna en 100 millj. kr. í ársveltu án vsk. Í september voru um 42% fyrirtækja sem töldu sig standa mjög vel eða frekar vel til að takast á við áföll næstu mánaða og 35% hvorki né. Minni aðsókn í þau úrræði stjórnvalda sem auka skuldsetningu fyrirtækja gæti endurspeglast af því að meirihluti fyrirtækja telur sig ekki þurfa á slíkum úrræðum að halda enn sem komið er.

Hversu vel eða illa telur þú fyrirtækið standa fjárhagslega til að takast á við tímabundin áföll á næstu mánuðum?



Fjórdungur fyrirtækja sagðist hafa þurft að fækka starfsfólki sökum COVID-19. Spurð út í horfur til næstu 3 mánuði sögðu 5% fyrirtækja að starfsfólki myndi fækka mikið, 18% að starfsfólki myndi fækka nokkuð en 10% fyrirtækja vænta þess að starfsfólki muni fjölga nokkuð. Langflest fyrirtæki segja lítið eða ekkert svigrúm til launahækkana eða 93% fyrirtækja.

3. Nýting úrræða

Til þessa hefur beinn kostnaður ríkissjóðs vegna úrræðanna verið 38 ma.kr. Því til viðbótar hefur um 20 ma.kr. skattgreiðslum launagreiðenda verið frestað til næsta árs og um 20 ma.kr. aðflutningsgjöldum innflytjenda verið frestað á hverju uppgjörstímabili og innskatti um leið flýtt til sama gjalddaga. Þá hafa verið veittar ábyrgðir fyrir 7 ma.kr. auk 16,5² ma.kr. ábyrgðar til handa Ícelandair.


Ef litið er til greiðslu hlutabóta, barnabótaauka, nýtingu ferðagjafar og útgreiðslu séreignarsparnaðar hafa heimilin fengið greidda samtals 43,8 ma.kr. Jafngildir það um 3,5% af tekjum allra heimila hálf t.árið 2019. Því til viðbótar hafa verið greiddir 35 ma.kr. í almennar atvinnuleysisbætur. Fjármagnskostnaður heimila hefur einnig lækkað umtalsvert.

Úrræði ekki síst nýst ferðaþjónustu

Þótt efnahagsaðgerðir stjórnvalda hafi verið almennar hefur hagþróunin leitt til þess að aðgerðirnar hafa ekki síst nýst fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Af þeim 3.000 fyrirtækjum sem hafa nýtt sér úrræði stjórnvalda eru 800 starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Má til samanburðar nefna að um 18 þúsund fyrirtæki greiddu laun að meðaltali í hverjum mánuði það sem af er ári. Þar af teljast 1.800, eða 10%, til fyrirtækja í einkenndandi greinum ferðaþjónustu.³ Fyrirtæki í farþegaflutningum með flugi standa að baki nýtingu 19% fjárhæða þeirra úrræða sem fjallað er um í þessari skýrslu, þ.m.t. frestun skattgreiðslna. Ríkisábyrgð á lánalínu til Ícelandair leggst þar við.

² M.v. gengi 18. ágúst 2020

³ Hagstofan safnaði gögnum frá Skattinum, Seðlabanka Íslands og Vinnumálastofnun um nýtingu úrræðanna. Þau gögn voru samkeyrð við gagnasafn Hagstofunnar um starfsmannafjölda og starfsgreinaflokkun. Gagnasöfnun Hagstofunnar gerir einnig mögulegt að kanna hvort fyrirtækin óski síðar eftir greiðsluskjöli eða gjaldþrotaskiptum.



Aðgerðirnar hafa ekki síst nýst smærri fyrirtækjum en fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum sem hafa nýtt úrræðin eru með færri en tíu starfsmenn. Er þetta í samræmi við hlutfall smærri fyrirtækja hér á landi.

Fjögur af hverjum fimm fyrirtækjum hafa aðeins nýtt sér eitt úrræði. Flest hafa nýtt sér frestun skattgreiðslna, eða 1.600 fyrirtæki. Lokunarstyrkir hafa nýst um eitt þúsund fyrirtækjum, einkum mjög smáum. Stuðningslán hafa að mestu verið veitt litlum og meðalstórum fyrirtækjum en brúarlán stórum fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri.

Úrræðin nýst kynjum með jöfnum hætti

Ef litið er til nýtingar úrræðanna frá kynjasjónarmiðum þá hafa hlutabætur, sem vega lang þyngst þegar kemur að beinum stuðningi við einstaklinga, verið nýttar til jafns af konum og körlum. Flest úrræða sem beint er að fyrirtækjum hafa sérstaklega gagnast fyrirtækjum í einkennandi greinum ferðaþjónustu þar sem kynjahlutfall starfandi var nokkuð jafnt. Einnig eru dæmi um sértækari stuðning til fyrirtækja þar sem mikill meirihluti starfandi eru karlar líkt og endurgreiðsla VSK vegna vinnu við íbúðarhúsnæði og þar sem meirihluti starfsfólks eru konur líkt og lokunarstyrkir til heilbrigðisþjónustu og hárgreiðslu,- nudd- og snyrtistofa.

3.1 Hlutabætur

Greiðsla atvinnuleysisbóta til einstaklinga í skertu starfshlutfalli sem kynnt var í fyrsta efnahagspakka stjórnvalda er stærsta einstaka efnahagsaðgerðin sem gripið hefur verið til vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Úrræðið tók gildi þann 15. mars 2020 og hefur verið framlengt til ársloka. Með hlutabótum var komið til móts við fyrirtæki og launþega þar sem fyrirtækjum í rekstrarvanda var gert kleift að lækka starfshlutfall launafólks tímabundið og viðhalda þannig ráðningarsambandi án þess að tekjur launamanna lækkuðu til jafns við lægra starfshlutfall. Lögin gilda einnig um sjálfstætt starfandi.


Úrræðið felur í sér að laun sem greidd eru samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum. Greiðslur vegna skerts starfshlutfalls nema að hámarki upphæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í réttu hlutfalli við hið skerta starfshlutfall. Laun frá vinnuveitenda og greiðslur atvinnuleysisbóta geta samanlagt ekki numið meira en 700 þús.kr. á mánuði eða sem nemur meira en 90% af meðaltali heildarlauna launamanns. Sé samtala launa og atvinnuleysisbóta hins vegar undir 400 þús.kr. á mánuði fyrir fullt starf kemur ekki til skerðinga.

Þegar hlutabótaleiðin var kynnt í mars gátu launþegar farið niður í allt að 25% starfshlutfall og fengið greiddar hlutabætur á móti launum frá vinnuveitenda til 1. júní 2020. Í lok apríl var úrræðið framlengt til júníloka. Í ágúst var lágmarks starfshlutfall hækkað úr 25% í 50%. Þá var atvinnurekendum sem ætluðu að nýta sér hlutabótaleiðina m.a. gert að staðfesta að fram til 31. maí 2023 myndu þeir ekki ákvarða úthlutun arðs, lækka hlutafé með greiðslu til hluthafa, greiða óumsamda kaupauka eða kaupa eigin hlutabréf svo eitthvað sé nefnt.

Til þessa hafa 36.000 starfsmenn 6.600 fyrirtækja fengið greidda samtals 19,8 ma.kr. í hlutabætur. Meðalbótahlutfall var um 60% áður en skilyrði um starfshlutfall voru hert í sumar en er nú 48%. Um 45% þeirra sem hafa fengið hlutabætur starfa í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Það hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt.


Flestir voru á hlutabótum í apríl þegar þeir voru 33 þúsund, enda harðar samkomutakmarkanir og fjölmörgum atvinnugreinum gert að loka líkt og sjá má af fjölda fyrirtækja sem hafa fengið greidda lokunarstyrki. Þá var um 18% allra á vinnumarkaði á hlutabótum en hlutfallið var 67% meðal starfsmanna í ferðaþjónustu. Þegar kom fram á sumarið fækkaði þeim hratt sem fengu hlutabætur, ekki síst í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Þegar mest var í apríl var um fjórðugur vinnuafslisins á skrá hjá Vinnuálastofnun.

Hlutfall starfandi í minnkuðu starfshlutfalli, 2020



Flestir þeirra sem höfðu fengið hlutabætur fóru í fyrra starfshlutfall í sumar, einkum þeir sem sinna persónulegri þjónustu en einnig fóru ferðabjónustan vel af stað í byrjun sumars. Engu að síður fóru stórir hópar beint á uppsagnarfrest, sérstaklega í ferðabjónustu. Því var reiknað með að atvinnuleysi myndi aukast hraðar í lok sumars en raun bar vitni. Hlutabótaleiðin hefur því gagnast mörgum til að komast yfir erfiðasta hjallinn og að öllum líkindum dregið umtalsvert úr almennu atvinnuleysi. Þótt dregið hafi mikið úr nýtingu úrræðisins í sumar myndu uppsagnir þeirra 3.500 sem í dag fá greiddar hlutabætur jafngilda um 1,5% auknu atvinnuleysi.


Atvinnuleysi minna en búist var við, ekki síst vegna þess að atvinnulausum hefur fækkað í öðrum greinum en ferðabjónustu



Nokkur fjöldi fyrirtækja hefur óskað eftir því að endurgreiða hlutabætur vegna starfsmanna sinna. Þann 1. október höfðu 75 fyrirtæki endurgreitt Vinnumálastofnun alls 422,3 m.kr. vegna 1.820 starfsmanna eða sem nemur að meðaltali rúmum 232 þús.kr. á starfsmann.

Hlutfall karla á hlutabótum hefur verið 57% og kvenna 43%, og fengu karlar 57% bótagreiðslanna en konur 43%. Upplýsingar um meðalstarfshlutfall fólks á hlutabótum eftir kynjum liggja ekki fyrir. Miðað við hlutfall aldurshópa á vinnumarkaði hefur ungt fólk verið fjölmennara í hópi þeirra sem fá hlutabætur en eldri aldurshópar. Erlendir ríkisborgarar telja um fjórðung þeirra sem sóttu um úrræðið í samræmi við hlutfallið á vinnumarkaði. Flestir viðtakendur hlutabóta búa á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallslega flestir bjuggu á Suðurnesjum enda hefur flugstarfsemi og ferðabjónusta meira vægi í atvinnulífi Suðurnesja en í öðrum landslutum.

Kostnaður vegna hlutabóta enn umtalsvert minni en áætlaður kostnaður fyrir árið 2020, ma.kr.



Upphaflega var gert ráð fyrir að eingöngu 1.000 manns myndu nýta sér hlutabótaleiðina og var áætlaður kostnaður 755 m.kr. Þá miðuðust útreikningar við að sama hlutfall og nýtti sér hlutabótaleiðina í kjölfar efnahagshrunsins 2008 myndu nýta sér leiðina að þessu sinni. Fljótlega kom hins vegar í ljós að áhrif veirunnar yrðu mun umfangsmeiri og áætlanir því endurmetnar. Kostnaður ríkissjóðs var metinn á 22 ma.kr. og talið var að um 25 þúsund manns myndu nýta sér úrræðið í 2,5 mánuði. Áætlaður kostnaður vegna framlengingar gildistíma hlutabótaleiðarinnar til loka ágúst mánaðar var 12 ma.kr. Alls var kostnaður aðgerðarinnar því metinn á 34 ma.kr. á árinu 2020.

Nú liggur hins vegar fyrir að kostnaður ríkissjóðs verður lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en greiddir hafa verið út 19,8 ma.kr. Að einhverju leyti gæti verið að þörfin fyrir úrræðið hafi ekki verið jafnmikil og talið var vegna ákvörðunar um að ríkissjóður myndi einnig hefja greiðslur launa á uppsagnarfresti.

3.2 Greiðsla launa á uppsagnarfresti

Greiddir hafa verið ríflega 10,5 ma.kr. til atvinnurekenda vegna launa á uppsagnarfresti. Stuðningurinn nemur 85 prósentum af launum starfsmanns, að hámarki 633 þús. kr. á mánuði í þrjá mánuði auk orlofsgreiðslna og lífeyrissjóðsiðgjalda. Úrræðið er enn opið, en almenna reglan er sú að stuðningurinn nær til þeirra uppsagna sem hafa uppsagnardag frá og með 1. maí 2020 og til og með 1. október 2020 og mest í þrjá mánuði. Markmið úrræðisins var að gefa fyrirtækjum sem höfðu lent í verulegu tekjufalli vegna faraldursins tækifæri til að minnka umsvif sín hratt þannig að þau geti sem næst lagst í dvala í stað gjaldþrots og þannig tekið virkan þátt í endurreisn hagkerfisins þegar faraldrinum sleppir.

Stærstur hluti stuðningsins hefur farið til fyrirtækja í ferðaþjónustu, en af um 338 fyrirtækjum sem fengið hafa greiddan uppsagnarfrest eru um 274 skráð í einkennandi greinum ferðaþjónustu hjá Hagstofunni. Þar af eru gististaðir 101 talsins og ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunarþjónustur 95. Hæstu fjárhæðirnar hafa farið til Icelandair, 3 ma.kr. en auk þess hafa Bláa lónið, Flugleiðahótel og Íslandshótel fengið rúman hálfan milljarð króna hvert.


Upphaflega var gert ráð fyrir að kostnaður vegna úrræðisins yrði 27 ma.kr. Matið var byggt á þeim forsendum að 90% þeirra launþega sem starfa í ferðaþjónustu og tengdum greinum og nýttu hlutastarfaleið stjórnvalda yrði sagt upp og að vinnuveitendur þeirra myndu fá greiðslur á grundvelli úrræðisins. Auk þess var litið til könnunar Samtaka atvinnulífsins í apríl við mat á mögulegum greiðslum til verzlunar og þjónustu.

3.3 Barnabótaauki

Við álagningu 2020 var auk barnabóta greiddur sérstakur barnabótaauki, annars vegar 42.000 kr. með hverju barni í þeim tilvikum þar sem greiddar eru tekjutengdar barnabætur til framfærenda og hins vegar 30.000 kr. með hverju barni þeirra framfærenda sem ekki fá greiddar barnabætur vegna tekjuskerðingarákvæða. Þessi sérstaki barnabótaauki telst ekki til skattskyldra tekna og leiðir ekki til skerðingar annarra greiðslna. Sérstökum barnabótaauka var heldur ekki hægt að skuldajafna á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Samtals voru greiddir út 3,0 ma.kr. til foreldra og voru konur 56% þeirra sem fengu greiddan barnabótaauka en 59% af upphæðinni sem greidd var fór til kvenna. Konur voru þannig líklegri til að eiga rétt á hærri greiðslunni. Þessi munur skýrist að miklu leyti af kynjaskiptingu í hópi einstæðra foreldra. Konur voru níu af hverjum tíu einstæðum foreldrum sem fengu greiddan barnabótaauka en 96% þeirra fengu greidda hærri upphæðina en hlutfallið var 86% meðal einstæðra fedra.

3.4 Úttekt séreignarsparnaðar

Þeir sem greitt hafa í séreignarsparnað geta tekið út allt að 12 m.kr. fyrirfram með sérstöku úrræði sem kynnt var snemma í faraldrinum. Útgreiðslur dreifast með jöfnum greiðslum að hámarki 800 þúsund á mánuði. Opið er fyrir umsóknir út þetta ár þannig að heildarumfang aðgerðarinnar verður ekki ljóst fyrr en að þeim tíma liðnum.




Alls höfðu 18,8 ma.kr. verið greiddir úr séreignarsjóðum í byrjun október.

Meðalgreiðsla til hvers einstaklings hefur verið um hálf milljón króna á mánuði.

Nú er gert ráð fyrir að samtals 23,5 ma.kr. verði greiddir úr sjóðunum, þ.a. 21 ma.kr. á þessu ári. Í upphafi var reiknað var með að umfang þessa úrræðis yrði tæplega 10 ma.kr. Umfang þessara úttekta er um 2,5% af heildareignum séreignarsjóða og um 0,5% af heildareignum lífeyrissjóða.

3.5 Ferðagjöf

Með ferðagjöfni eru landsmenn hvattir og studdir til að nýta sér innlenda ferðaþjónustu og veita henni þannig stuðning nú þegar fjöldi erlendra ferðamanna er í lágmarki. Ferðagjöfin er í eðli sínu millifærsla til heimila. Heildarumfang ferðagjafarinnar var áætlað 1,5 ma.kr., eða 5.000 krónur á hvern einstakling 18 ára og eldri. Gjöfin er framseljanleg þannig að þeir sem sjá sér ekki fært að nýta hana geta miðlað henni til annarra. Þó getur hver einstaklingur að hámarki þegið 15 gjafir. Hægt er að nýta gjöfina út árið 2020.



Fyrirtækjum stendur til boða að skrá sig til þátttöku og nú eru 809 fyrirtæki skráð sem móttakendur gjafarinnar.

Þann 21. október höfðu tæplega 171 þúsund einstaklingar sótt gjafir sínar og tæplega 120 þúsund nýtt þær að öllu leyti eða að hluta að andvirði 580 m.kr. sem er 38% af þeirri fjárhæð sem úthlutað var í áttakinu.


Flestir hafa nýtt gjöfina í gistingu eða 32%, 29% hafa nýtt hana í veitingar, 27% í afþreyingu og 12% í samgöngur. Ferðamálastofa heldur úti sérstöku mælaborði um nýtingu ferðagjafarinnar⁴.

3.6 Greiðsla launa í sóttkví

Ríkissjóður styður atvinnurekendur sem greiða launamönnum sem sæta sóttkví laun þegar önnur réttindi, s.s. veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum, eiga ekki við. Með þessu móti er stefnt að því að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum

⁴ <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/hagstaerdir/ferdagjof>

heilbrigðisyfirvalda um sóttkví án þess að þurfa að hafa áhyggjur af afkomu sinni.



Alls hafa verið greiddar út 260 m.kr. vegna launa í sóttkví til tæplega 2.000 starfsmanna hjá 823 atvinnurekendum fyrir rúmlega 16.000 sóttkvíardaga.


Í áhrifamatskafla frumvarpsins kemur fram að litlar forsendur hafi verið til að leggja mat á fjölda þeirra sem gætu átt rétt á greiðslum vegna mikillar óvissu um þróun faraldursins en gert var ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs yrði um 2 ma.kr. vegna þessarar aðgerðar. Nú er hins vegar ljóst að kostnaðurinn verður líklega mun lægri en talið var í fyrstu jafnvel þótt tekið sé tillit til framlengingar úrræðisins en hægt verður að sækja um greiðslur til 31. mars 2022 vegna launagreiðslna sem eiga sér stað fyrir lok árs 2021.

3.7 Skattfrestanir og önnur skattaúrræði

Frestun staðgreiðslu. Fram til 24. október var samtals búið að fresta 19,5 ma.kr. staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds af launum en upphaflega var áætlað að staðgreiðslu upp á allt að 75 ma.kr. árið 2020 gæti verið frestað til 2021.

Úrræðið fólst í upphafi í almennri heimild til frestunar á 50% af staðgreiðslu á gjalddaga í mars 2020. Í framhaldi var úrræðinu breytt og einskorðað við launagreiðendur sem stríða við tímabundna rekstrarörðugleika. Var þeim veitt heimild til að óska eftir frestun á allt að þremur mánaðarlegum greiðslum af níu á gjalddaga í apríl–desember 2020.

Fyrirtæki í flestum greinum hafa fengið frestun skattgreiðslna í einhverjum mæli. Flest þeirra sem nýtt hafa úrræðið eru smærri fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn. Stærri fyrirtæki eru þó að baki stærstum hluta þeirrar heildarfjárhæðar sem frestað hefur verið. Um 2/3 fyrirtækjanna eru í einkennandi greinum ferðaþjónustu.



Niðurfelling gistináttaskatts. Vegna áhrifa COVID-19 á fjölda ferðamanna og rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðaþjónustu var gripið til þess að fella tímabundið niður gistináttaskatt frá og með apríl 2020 til ársloka 2021. Upphaflega var áætlað var að tekjur ríkissjóðs myndu lækka samtals um 1,6 ma.kr. árið 2020 og 2021. Vegna færri ferðamanna er nú gert ráð fyrir að tekjurnar lækki um 1 ma.kr.

Niðurfelling tollafgreiðslugjalda. Heimild tollayfirvalda til þess að innheimta tollafgreiðslugjald vegna afgreiðslu flugvéla og skipa utan almenns afgreiðslutíma er felld niður frá og með apríl 2020 til ársloka 2021. Árið 2019 námu tekjur af gjaldinu 425 m.kr. Upphaflega var áætlað að tekjur myndu lækka um 0,6 ma.kr. samtals árin 2020 og 2021 vegna niðurfellingarinnar og er matið óbreytt.

Frestun á greiðslu aðflutningsgjalda. Gjaldþaga aðflutningsgjalda hjá þeim aðilum sem njóta greiðslufrests í tolli (tollkrít) er frestað um 20 daga. Heimildin gildir fyrir öll uppgjörstímabil frá mars og út árið 2020. Stærsti liðurinn hér er virðisaukaskattur (VSK) og er heimilt að færa allan innskatt viðkomandi tímabils á VSK-skýrslu þótt einungis hluta eða engum útskatti hafi verið skilað í ríkissjóð vegna innflutnings. Gildisdagur endurgreiðslu innskattsins er jafnframt færður fram til sama dags og gjaldþagi almennra skila er í VSK. Hér er fyrst og fremst um að ræða frestun og hagræði fyrir innflytjendur. Nýting þessa úrræðis er mikil og hafa innflytjendur með þessum hætti frestað um 20 ma.kr. á hverju uppgjörstímabili hingað til. Fyrir ríkissjóð er um að ræða töf milli mánaða á innheimtu umræddra tekna. Áhrif á tekjur ársins í heild eru engin en hins vegar mun innheimta ársins lækka sem nemur þeim hluta sem frestast fram yfir næstu áramót.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki. Lækkun svokallaðs bankaskatts verður í einum áfanga í stað fjögurra. Áður hafði verið lögfest lækkun hans í fjórum jöfnum áföngum árin 2021-2024, úr 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja umfram 50 ma.kr. í 0,145%. Með aðgerðinni eru áfangarnir sameinaðir í einn og

lækkuninni þannig flýtt. Hlutfall bankaskatts á skuldir í árslok 2020 í álagningu ársins 2021 verður því 0,145%. Flýtingin leiðir til alls 10,6 ma.kr. tekjutaps hjá ríkissjóði á tímabilinu 2021-2023. Aðgerðinni er ætlað að gera bankakerfinu betur kleift að miðla lækkandi vöxtum Seðlabanka Íslands til heimila og fyrirtækja. Við yfirlýsingar um lækkun skattsins lækkuðu bankarnir vaxtaálag sitt.

Jöfnun skattgreiðslna lögaðila. Vegna breyttra rekstrarskilyrða geta fyrirtæki sótt um frestun á greiðslu tekjuskatts vegna ársins 2019 sjái þau fram á að tap verði á rekstrarárinu 2020. Með úrræðinu má nýta þá skatteign sem myndast árið 2020 í að lækka skattgreiðslur vegna fyrra árs. Með því er skatteign sem myndast vegna tapreksturs færð á fyrra ár í stað næstu ár eins og gert er ráð fyrir í tekjuskattslögum. Skapar úrræðið svigrúm fyrir fyrirtæki til að glíma við tímabundna rekstrarerfiðleika en hefur takmörkuð áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Niðurfelling álags á VSK. Heimild var veitt til að falla frá beitingu álags á vangreiddan VSK á gjalddaga og hefur Skatturinn ekki beitt slíku álagi síðan. Með því er svigrúm til greiðslu virðisaukaskatts aukið til muna eða í allt að einn mánuð. Frestanir á grundvelli þessa úrræðis hafa verið fremur litlar hingað til.

Frestun fasteignaskatta hjá sveitarfélögum. Úrræðið nær til eigenda atvinnuhúsnæðis sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls. Heimilt er að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts, sem eru á gjalddaga frá 1. apríl til og með 1. desember 2020. Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur til er 15. janúar 2021.

3.8 Endurgreiðsla VSK

Breytingar á endurgreiðslum VSK í því skyni að draga úr kostnaði við framkvæmdir, viðgerðir, viðhald o.fl. og hvetja til slíkra verkefna eru margþættar. Um er að ræða hækkun hlutfalls endurgreidds VSK vegna íbúðarhúsnæðis úr 60% í 100% og útvíkkun þannig að auk vinnu við nýbyggingar og viðhald íbúðarhúsnæðis er endurgreitt að auki vegna vinnuliðar framkvæmda við sumarhús, við hönnun og eftirlit með framkvæmdum, heimilishjálp og reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis og loks vegna vinnu við viðgerðir, réttingar og sprautun bifreiða. Ennfremur er endurgreiðsluheimild fyrir sveitarfélög útvíkkuð til annars húsnæðis en íbúðarhúsnæðis og félögum sem starfa í þágu almannaheilla veittur endurgreiðsluréttur. Framangreint gildir um vinnu sem er unnin á tímabilinu 1. mars 2020 til 31. desember 2020. Lagt verður fyrir Alþingi í haust frumvarp þar sem m.a. verður lögð til framlenging ofangreindra úrræða út framkvæmdaárið 2021.

Úrræðið hefur kostað ríkissjóð 2,5 ma.kr. miðað við stöðu afgreiddra umsókna 22. október. Alls hafa borist um 9.200 endurgreiðslubeiðnir vegna bílaviðgerða og þar af hafa 6.900 beiðnir verið afgreiddar fyrir 135 m.kr. Vegna íbúðarhúsnæðis hafa um 8.200 umsóknir verið afgreiddar, ýmist vegna nýbygginga og viðhalds með 100% endurgreiðslu í stað 60% eða vegna verkefna

sem voru gerð endurgreiðsluhæf tímabundið vegna COVID-19. Sjá sundurliðun í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2 Úrræði í formi VSK endurgreiðslna

	ma.kr.
Íbúðarhúsnæði: nýbyggingar og viðhald (40% af endurgreiðslu)	1.814
Íbúðarhúsnæði: hönnun og eftirlit	155
Frístundahúsnæði	291
Heimilishjálp og regluleg umhirða heimila	82
Bifreiðaviðgerðir einstaklinga	135
Annað húsnæði sveitarfélaga	56
Húsnæði almannaheillafélaga	11
Alls	2.543

Langstærsti hluti þeirrar fjárhæðar sem greidd hefur verið er vegna íbúðarhúsnæðis. Þar sem karlar eru um 92% starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð má gera ráð fyrir að þessi ráðstöfun viðhaldi og skapi fyrst og fremst störf sem unnin eru af körlum.

Áætla má að endurgreiðslur gætu aukist um 9 ma.kr. vegna framkvæmda á árinu 2020 en búast má við að verulegur hluti þeirrar fjárhæðar komi fram í bókhaldi ríkissjóðs síðar þar sem sex ára frestur er gefinn til að skila umsókn um endurgreiðslu.

3.9 Lokunarstyrkir

Lokunarstyrkir eru veittir til rekstraraðila sem gert var að loka eða stöðva starfsemi sína í sóttvarnarskygni á tímabilinu 24.mars til 4.maí.

Viðbótarlokunarstyrkir eru veittir til rekstraraðila sem gert var að loka eða stöðva starfsemi sína frá 4. til 25. maí 2020. Umsóknarfrestur lokunarstyrks var til 1. september 2020 en umsókn um viðbótarlokunarstyrk þurfti að berast eigi síðar en 1. október 2020. Fjárhæð lokunarstyrks og viðbótarlokunarstyrks átti að nema rekstrarkostnaði rekstraraðila á tímabili lokunar en þó gat lokunarstyrkur ekki orðið hærrí en 2,4 m.kr. og viðbótarlokunarstyrkur 1,2 m.kr. en til þess þurfti rekstraraðili að hafa a.m.k. þrjá launamenn.

Lokunarstyrkir og viðbótarlokunarstyrkir að fjárhæð um 1 ma.kr. hafa verið greiddir til ríflega eitt þúsund rekstraraðila. Þar af voru rúmlega 600 rekstraraðilar með 1 starfsmann og nam styrkurinn til þeirra um 337 m.kr. Um 2/3 hlutar lokunarstyrkjanna fóru til fyrirtækja sem flokkast undir heilbrigðisþjónustu, tannlæknastofur og sjúkraþjálfun og til fyrirtækja í persónulegri þjónustu, hárgreiðslu-, nudd- og snyrtistofa. Konur eru í meirihluta meðal starfandi í öllum þessum atvinnugreinum. Krám og skemmtistöðum var gert að loka á öllu tímabilinu í vor. Nú þegar hafa verið greiddir út lokunarstyrkir og viðbótarlokunarstyrkir til u.þ.b. 35 kráa og skemmtistaða fyrir

um 125 m.kr vegna lokana í vor. Unnið er að framlengingu og útvíkkun úrræðisins en það mun ná til rekstraraðila sem sæta þurfa lokunum eða því að láta af starfsemi eða þjónustu frá 18. september 2020.

3.10 Stuðningslán

Stuðningslánnum er ætlað að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa orðið fyrir miklum tekjusamdrætti. Helstu skilyrði fyrir lánunum eru að tekjur fyrirtækjanna árið 2019 hafi verið á bilinu 9-1.200 m.kr. og að tekjur á 60 daga tímabili á árinu 2020 hafi verið a.m.k. 40% lægri en á sama tímabili árið 2019. Auk þess skal launakostnaður nema a.m.k 10% af rekstrargjöldum ársins 2019. Ríkissjóður ábyrgist lán sem lánastofnun veitir rekstraraðila sem uppfylla skilyrði fyrir því að fá stuðningslán. Ríkissjóður ábyrgist að fullu stuðningslán að 10 m.kr. en 85% af fjárhæð umfram 10 m.kr. og allt að 40 m.kr. í svokölluðum viðbótarstuðningslánnum. Hægt er að veita stuðnings- og viðbótarstuðningslán til ársloka 2020.

Lánstími stuðningslána sem ríkissjóður ábyrgist að fullu skal vera 30 mánuðir en endurgreiðsla lána hefst ekki fyrr eftir 18 mánuði. Lánastofnun getur veitt stuðningslán með 85% ábyrgð ríkissjóðs til lengri tíma en 30 mánaða, eða framlengt lánstíma umfram 30 mánuði, og krafist lengri endurgreiðslutíma en 12 mánaða. Láns-tími má þó ekki verða lengri en fjögur ár og endurgreiðslur, sem skulu vera í formi jafnra greiðslna, skulu hefjast eigi síðar en tveimur árum frá því að lán er veitt.

Þann 21.október námu veitt stuðningslán 6,3 mö.kr. til 781 rekstraraðila. Meðalfjárhæð veittra lána er 8 m.kr. Óafgreiddar umsóknir eru 265 að fjárhæð 2,7 mö.kr. Fyrirtæki í flestum greinum hafa fengið stuðningslán í einhverjum mæli en um 56% lánanna hafa verið veitt til fyrirtækja í ferðaþjónustu og 9% í smásölu.

Við nánara niðurbrot á upplýsingum sem bárust frá Seðlabanka Íslands í lok september kemur í ljós að um níu af hverjum tíu fyrirtækjum fengið lán með 100% ríkisábyrgð og eitt af hverjum tíu lán með 85% ríkisábyrgð.

Langstærstur hluti þeirra fyrirtækja sem fengið hafa stuðningslán eru með færri en 10 starfsmenn. Fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins höfðu fengið 38% af veittum stuðningslánnum i lok september.

Líkt og sjá má í töflu 3 hefur rúmlega helmingur lána verið veittur til ferðaþjónustu, bæði fjöldi og fjárhæð. Þá má einnig sjá að stuðningslán nema litlum hluta af heildarskuldsetningu ferðaþjónustufyrirtækja.

Tafla 3 Stuðnings- og viðbótarstuðningslán í lok september

	Fjöldi	Hlutfall af fjölda (%)	Fjárhæð (m.kr.)	Hlutfall af fjárhæð (%)	Meðal fjárhæð (m.kr.)	Útlán við veitingu láns (m.kr.)	Hlutfall stuðningslána af heildar útlánum
Ferðaþjónusta	338	51,7	2.885	55,6	9	28.935	10,0
Þjónusta	177	27,1	1.247	24,0	7	5.312	23,5
Annað	139	21,3	1.059	20,4	7	3.124	40,3
Alls	654	100	5.191	100	8	37.371	13,9

Í greinargerð með frumvarpi um lánaúrræðið var gert ráð fyrir að stuðningslán gætu orðið allt að 28 ma.kr., en það mat var frekar hugsað sem ytra áhættumat en mat á líklegum kostnaði. Hægt er að veita stuðningslán til áramóta.

3.11 Viðbótarlán

Viðbótarlán, einnig kölluð brúarlán, eru lán lánastofnana til fyrirtækja með allt að 70% ríkisábyrgð á höfuðstól. Lánsfjárhæðin má að hámarki vera 1,2 ma.kr. og eru lánin því frekar ætluð stærri fyrirtækjum en stuðningslánin. Hægt er að veita viðbótarlán til ársloka 2020.

Veitt hafa verið fjögur lán og nemur ábyrgðarhluti þeirra 716 m.kr.

Í upphafi var gert ráð fyrir því að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána gæti numið frá 35- 50 ma.kr. en þegar lánin voru kynnt til sögunnar var reynt að meta ytri mörk mögulegra ábyrgða. Þá hafði ekki verið tekin ákvörðun um veitingu stuðningslána, sem auk þess að vera mildara úrræði hafa líklega svarað a.m.k. hluta þeirrar eftirspurnar sem annars hefði verið eftir viðbótarlánum.

3.12 Greiðsluskjól

Alþingi samþykkti lög um greiðsluskjól þann 16. júní sl. Úrræðið er tímabundið og veitir fyrirtækjum í neyð vegna COVID faraldursins heimild til að fá greiðsluskjól í áföngum í allt að ár.

Í október höfðu 17 umsóknir borist héraðsdómstólunum: tólf til Héraðsdóms Reykjavíkur, fjórar Héraðsdómi Suðurlands og ein Héraðsdómi Reykjaness.

